

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Húsavíkur

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfesta 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir á Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan vatnshemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunar-kerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	kr.
a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	150,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils	343,00
c. Vatnsgjald pr. m ³	21,60
Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.	

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranalögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslislutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

A	1.00/1.0
B	0.95/1.3
C	0.90/1.7
D	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands á Húsavík.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan mánaðar frá útgáfudegi skal greiða hæstu lögleyfðu vanskilavexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimaæð.

a) Fyrir hús, sem hafa olú-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.

	kr.
Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	32 600,00
Hús 300—2000 m ³ að utanmáli fyrir 300 m ³	32 600,00
og	36,50
á hvern rúmmetra þar yfir.	
Hús stærri en 2 000 m ³ að utanmáli	94 800,00
fyrir 2 000 m ³ og	27,20
á hvern rúmmetra þar yfir.	

b) Fyrir önnur hús.

Hús allt að 300 m ³ að utanmáli	46 900,00
Hús 300—2 000 m ³ að utanmáli	46 900,00
fyrir 300 m ³ og	42,40
á hvern rúmmetra þar yfir.	
Hús stærri en 2 000 m ³ að utanmáli	119 200,00
fyrir 2 000 m ³ og	36,50
á hvern rúmmetra þar yfir.	

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er 4 985,00

c. Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 fermetra húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 210,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 111 27. febrúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 2. janúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Seyðisfjarðar**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,87 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 11,29 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 86,00.

Þessi gjöld eru miðuð við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. janúar 1986.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda eru við framvísun reikninga eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.